

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 33. TBL.

14. MAÍ 2010

Umhverfisdagur í Öldutúnsskóla í vikunni

Miðvikudaginn var (12. maí) var umhverfisdagur í Öldutúnsskóla. Nemendur og starfsfólk fóru um hverfi skólans í litlum hópum að hreinsa bæði götur og opin svæði. Einnig var tekið til hendinni á skólalóðinni. Vinaárgangar fóru saman, þannig að yngri og eldri nemendur hjálpuðust að.

Hreinsunin tókst mjög vel og voru nemendur m.a. að velta fyrir sér hversu langan tíma tæki fyrir ruslið að eyðast í náttúrunni. Allir nemendur skólans stóðu sig frábærlega. Eftir hreinsunina söfnuðust vinaárgangar saman og fóru í leiki á opnum svæðum í hverfinu.

Að lokum gæddu allir sér pylsum sem nemendur 10. bekkjar, ásamt starfsfólki, sáu um að grilla.

Markmiðið með umhverfisdeginum er að auka tilfinningu krakkanna fyrir snyrtimennsku í umhverfinu okkar og að það skipti máli að allir passi upp á að henda rusli í viðeigandi ílát.



Tölvureglur fyrir notendur bæjarkerfisins

Í nokkurn tíma hafa verið í undirbúningi tölvureglur fyrir bæjarkerfið, þ.e. starfsfólk þar og aðra notendur, sem sérstaklega eru nemendur í leik- og grunnskólum.

Markmið slíkra reglna er að veita starfsfólki bæjarins leiðbeiningar um umgengni við tölvurnar sem það nýtir í starfi. Þannig er verið að tryggja farsæla notkun tölvu í því að starfsfólk geti framfylgt starfsháttum sem þykja eðlilegir í opin-

berri stjórnsýslu. Þá eru tölvureglurnar einnig leiðbeiningar siðlega umgengni við opinber



Nokkrir drengir í Hraunvallaskóla að nýta sér tölvu við nám sitt í skólanum.

gögn og miðlun þeirra innan og utan stjórnsýslunnar. Þær eru sömuleiðis leiðbeiningum um hvernig beri að verjast gegn alls kyns tölvuvírusum og öðru sem getur truflað öryggi í tölvum bæjarins. Mikilvægt er að allir starfsmenn bæjarins þekki til tölvureglanna og til að auðvelda þeim það er sérstaklega gerður úrdráttur úr reglunum til að kynna aðalatriðin.

Tölvureglurnar og öryggisstefnu bæjarins má finna á neðangreindri vefslóð (fyrir bæjarstarfsmenn).



Skólaþróun



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 10. maí
207. fundur:

- Kynntar umsóknir um stöðu aðstoðarskólástjóra við Lækjarskóla. 13 umsóknir bárust. Sviðsstjóra falið að ganga frá ráðningu Örnú Björnýjar Arnardóttur í starfið að tillögu skólástjóra.
- Lagðar fram þrjár umsóknir um stöðu skólástjóra nýs sameinaðs skóla í norðurbæ.
- Lagt fram bréf frá sjóði þriggja ráðuneyta um úthlutun til Hafnarfjarðar vegna stuðnings við langveik börn og börn með ADHD.
- Kynnt úthlutun úr endurmenntunarsjóði grunnskóla til Skólaskrifstofunnar fyrir næsta skólaár.
- Umræða um ráðningamál nýs grunnskóla í norðurbæ.
- Kynnt drög að viðbrögðum við hugmyndum sem komu fram á Gaflarþingi 2010 og snéru að fræðslumálum.

Fræðsluráð 11. maí
208. fundur:

- Teknar fyrir umsóknir um stöðu skólástjóra sameinaðs skóla í norðurbæ. Fræðsluráð samþykkir tillögu fræðslustjóra og formanns ráðsins að Sigurður Björgvinsson verði skólástjóri hins sameinaða skóla.

Tilkynning vikunnar

Munið að taka frá tíma þann 17. ágúst til að sækja sýningu Námsgagnastofnunar.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
21. maí 2010

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfnni

» Engar tilkynningar í bili en áfram myndir frá umhverfisdeginum í Öldutúnsskóla.



Sýning Námsgagnastofnunar 17. ágúst

Þann 17. ágúst nk. verður árleg sýning Námsgagnastofnunar á öllu efni sem stofnunin gefur út fyrir grunnskóla og stendur hún frá kl. 8.30-16. Í ár er sýningin í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og verður haldin í húsnæði þess við Stakkahlíð. Eins og undanfarin ár koma fleiri aðilar á sýninguna með efni og/eða fræðslufundi.

Þeir sem eru búnir að tilkynna þátttöku í sýningunni núna eru:

- A4 Skrifstofa og skóli.
- Barnasmiðjan.

VEFSLÓÐ: <http://www.nams.is/>

- Bjartur – Bókaútgáfa.
- Bókaútgáfan Hólar.
- Bókaútgáfan Salka.
- Bókafélagið Ugla.
- Forlagið - Bókaútgáfa.
- Félag Sameinuðu þjóðanna (globalis.is).
- Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Heyra.is – Hljóðbókaútgáfa.
- Höfum gaman ehf. - Tónlistarefni.
- Lýðheilsustöð.
- Skólavefurinn.
- Unga ástin mín – Barnabókaútgáfa.



Símenntun

- Tölvumiðstöð fatlaðra.
- Varmás - SMART töflur.

Upplýsingar um fræðslufundi verða sendar í alla skóla í lok maí.



Heimsvetur um verkefni Sameinuðu þjóðanna

Globalis er íslenskur vefur á vegum Félags sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Á vefnum er þetta efni helst:

- Gagnvirkur heimsatlas frá Félagi Sameinuðu þjóðanna.
- Stærsti gagnagrunnur á Norðurlöndum með tölfraði SP.
- Tölfraðin sett



- fram með töflum og stafrænum kortum.
- Upplýsingasiður um öll aðildarríki SP.
- Heimskort með ólíkum



Félag Sameinuðu þjóðanna

VEFSLÓÐ: <http://www.globalis.is/>



Vefhornið

landfræðilegum gögnum.

- Gervihnattamyndir sem sýna áhrif mannsins á náttúru jarðarinnar.
- Staðreyndir um átök í heiminum.

Þetta er ítarlegur og fróðlegur vefur sem ætti að koma að góðu gagna í skólastarfi, sérstaklega í kennslu samfélagsgreina.